

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ársskýrsla 2024

01.05.2025

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Almenn starfsemi	3
1.1	Nemendur	3
1.2	Hjúkrunarfræðingur	4
1.3	Nefndir og ráð	4
1.4	Framhaldsdeild á Patreksfirði	5
3.	Brotthvarf	5
4.	Nám	6
1.5	Námsframboð	6
5.	Kennsla og stjórnun	6
1.6	Skjalastjórnun	6
1.7	Græn skref	7
1.8	Sjálfsmat	7
6.	Kennsluhættir og námsmat	7
7.	Mannauðsmál	8
1.8.1	Líðan starfsmanna	8
8.	Fjárhagsleg afkoma: Ársreikningur 2024	9
9.	Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2023-2025	9
10.	Samvinna við aðra	11
11.	Erlent samstarf	11
12.	Lokaorð	12



1. Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust- og vorönn. Við stofnun skólans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Flest námsrými eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð upplýsingatækni sem er fléttað inn í flesta þætti skólastarfsins. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækinn skóli og höfum unnið undanfarið að því að innleiða gervigreind í námi og kennslu ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarnám. Við höfum lagt áherslu á að vera samkeppnishæf við aðra skóla í fjarnámi þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla er minni en verið hefur en samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum aflað er þessi fækkun aðeins tímabundin.

Við höfum skólaárið 2024-2025 með því að halda upp á [20 ára afmæli skólans](#) þar sem fyrsti skóladagur í FSN var 30. ágúst 2004. Um tuttugu ára afmæli skólans má lesa á heimasíðunni en við höldum afmælisveislu 30. ágúst þar sem við höfðum opið hús fyrir hádegi, höfðum formlega afmælishátíð eftir hádegi og um kvöldið fóru starfsmenn saman út að borða.

2. Almenn starfsemi

I. Nemendur

Innritaðir nemendur voru 176 á vorönn og 189 á haustönn. Á vorönn voru 19 nemendur útskrifaðir frá skólanum og á haustönn voru sjö nemendur útskrifaðir.

Fjöldi	Vorönn 2024	Hautönn 2024
Dagskóli/grunnskóli	84	74
Fjarnám/ utanskóla	97	107
Samtals	181	181

Skipting nemenda á námsbrautir	Vor 2024	Haut 2024
Braut	Fjöldi nemenda	Fjöldi nemenda
Félags- og hugvísindabraut	31	29
Framhaldsskóla- braut 1	1	0
Framhaldsskóla- braut 2	6	21
Íþróttabraut	7	6
Náttúru- og raunvísindabraut	17	18
Náttúru- og raunvísindabraut – búnaðarlína	1	0
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	13	143
Opin braut	98	88



Starfsbraut	4	2
Viðbótarnám	3	3
Samtals	181	181

Fjöldi nemenda eftir kyni:

Fjöldi	Vorönn 2024	Haustönn 2024
Karlar	89	85
Konur	92	9995

Fjöldi brautskráðra eftir brautum:

Fjöldi	Vorönn 2024	Haustönn 2024
Félags- og hugvísindabraut	10	4
Íþróttabraut	0	0
Náttúru- og raunvísindabraut	2	1
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	2	0
Opin braut	8	2
Starfsbraut	3	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	0
Útskrifaðir	27	7

Námstími brautskráðra 2024:

	Vorönn 2024	Haustönn 2024
Tvö og hálf ár	1	0
Þrjú ár	11	0
Þrjú og hálf ár		3
Fjögur ár	7	0
Fjögur og hálf ár	0	1
Fimm ár eða lengur	3	

II. Hjúkrunarfræðingur

[Hjúkrunarfræðingur](#) með framhaldsmenntun í geðhjúkrun hefur komið á hálfsmánaðar fresti í skólann og hafa nemendur getað leitað til hans með ýmsar spurningar varðandi heilsu og líðan. Þessi þjónusta hefur verið veitt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nú hefur þessi hjúkrunarfræðingur látið af störfum við HVE og er ákveðin óvissa með framhaldið á þjónustunni við nemendur FSN. Skólinn er í góðu samstarfi við heilsugæslustöðina í Grundarfirði.

III. Nefndir og ráð

Ýmsar nefndir og ráð starfa við skólann og funda reglulega. Skólaráð og skólanefnd eru starfandi við skólann og starfshópur um heilsueflandi framhaldsskóla fundar einnig reglulega. Foreldraráð var endurvakið í desember en það hafði ekki verið virkt í þó nokkurn tíma.



IV. Framhaldsdeild á Patreksfirði

FSN hefur rekið framhaldsdeild á Patreksfirði frá 2007. Samningur vegna deildarinnar var endurnýjaður í janúar 2024.

3. Brotthvarf

Hér má sjá línurit yfir árlegt brotthvarf nýnema. Ávallt er unnið að aðgerðum til að minnka brotthvarf frá skólanum. Ákveðinn fjöldi nýnema flyst yfir í annan skóla að loknu fyrsta ári til að hefja nám á iðnbrautum.




Figure 2: Árlegt brotthvarf yfir tíma hjá FSN

Þróun á árlegu brotthvarfi nýnema yfir tíma fyrir FSN

Árlegt nýnemabrotthvarf er nú 4,7% fyrir nýnemaárganginn 2023 og hefur það hækkað aðeins frá því á seinasta ári. Hæst hefur árlegt nýnemabrotthvarf mælst 7,5% á skólaárinu 2014-15. Mælingar ná aftur til 2010-11 og var það lengst af í kringum 7% til 2016-17 að 2015-16 undanskildu þegar það lækkaði um ca. eitt prósentustig frá árunum áður.

Árlegt brotthvarf nýnema fyrir FSN skólaárið 2023-4 er 11.5% og árleg tilfærsla nýnema er 13.0%. Samanburð við heildarbrotthvarf nýnema á skólaárinu má sjá í töflu:

Framhaldsskóli	Brotthvarf	Tilfærsla	Fjöldi
Árgangur	4.7%	11.2%	4469
FSN	11.5%	13.0%	26



4. Nám

V. Námsframboð

Við skólann eru sex brautir til stúdentsprófs:

- Félags- og hugvísindabraut,
- náttúru- og raunvísindabraut,
- náttúru- og raunvísindabraut – búfræðilína,
- íþróttabraut,
- nýsköpunar- og frumkvöðlabraut.
- opin braut til stúdentsprófs.

Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 2.

FSN starfar eftir lögum um framhaldsskóla frá 2008 og Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.


5. Kennsla og stjórnun

Haustið 2023 störfuðu 27 starfsmenn við FSN, og stöðugilda 2023 voru 21.2

- Skólameistari í 100% starfi
- Aðstoðarskólameistari í 75% starfi
- Fjármála- og skrifstofustjóri í 100% starfi
- Námsráðgjafi í 90% starfi
- Deildarstjóri á Patreksfirði í 90% starfi
- Deildarstjóri starfsbrautar í 100 % starfi
- Umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- Skrifstofufulltrúi í 49% starfi
- Kerfisstjóri í 25% starfi
- Mannauðsstjóri í 25% starfi
- Kennarar skólans voru 17 í 12 stöðugildum.
- Ræstitæknir í 50% stöðu.

VI. Skjalastjórnun

Málalykill Fjölbrautaskóla Snæfellinga var samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands 10. september 2018 og síðan endurnýjaður 1. október 2023. FSN notar skjalavörslukerfið GoPro og fékk samþykki fyrir rafrænni skráningu gagna frá og með 1. janúar 2020.



VII. Græn skref

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur nú lokið fjórum af fimm skrefum í verkefni á vegum Umhverfisstofnunar. Fyrsta skrefið var tekið í mars 2021 og annað skrefið fengum við í maí 2021, þriðja skrefið fengum við í janúar 2022 og fjórða skrefið ágúst 2022. Hleðslustöð fyrir rafbíla var sett upp við skólann árið 2020 til að hvetja nemendur og starfsfólk til að vera á bílum sem ganga fyrir raforku. Búið er að setja upp fyrstu varmadæluna, en skólinn er staðsettur á svokölluðu „köldu svæði“ og kynding með rafmagni er mjög dýr og gerir rekstur á húsnæði skólans mun erfiðari en ella. Verið er að vinna að undirbúningi á uppsetningu stærri varmadælu í kennsluhluta skólans.

VIII. Sjálfsmat

Við skólann starfar sjálfsmatshópur, eða Gæðaráð sem vinnur samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Gæðaráð hefur unnið að hefðbundnu innra mati og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans [Skýrslur um sjálfsmat FSN](#) og þar má einnig sjá [sjálfsmatsáætlun](#) skólans. Húsfundur skólaárið 2022 voru haldnir samkvæmt venju en á fundunum fá nemendur að segja skoðun sína á skólastarfinu, hvað sé vel gert og hvað megi betur fara. Nemendafélagið stjórnar stundum fundunum og ræðir þau mál sem nemendum finnst mikilvæg. Ytra mat á starfsemi FSN fór fram á vor- og haustönn 2020. [Hér má sjá skýrslu um ytra mat á haustönn 2020](#). Í framhaldi af niðurstöðum ytra mats 2020 var gerð umbótaáætlun sem unnið er eftir. Umbótaáætlunina má lesa [hér](#).

6. Kennsluhættir og námsmat

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Einnig er forritið TEAMS nýtt við kennslu ásamt fjölda af smærri forritum eins og kennarar telja þörf á hverju sinni. Allir nemendur hafa nettengdar fartölvur og býður það upp á mikla möguleika í kennslu og námi. Nú er allt starfsfólk skólans komið í vinnu við að innleiða [gervigreind](#) til að nota við kennslu og nám. Frá stofnun skólans, árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum með því að nýta sér upplýsingatækni í skólastarfi. Allt skipulag skólans tekur mið af því. Meginmarkmið breyttra kennsluhátta er að gera nám nemenda skilvirkara og að þeir nái betri tökum á námi sínu. Við kennslu eru notaðar aðferðir sem rannsóknir sýna að virki betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það sameiginlegt að megináhersla er lögð á uppgötvunarnám og lausnarleit nemandans og gera hann virkari og ábyrgari í eigin námi. Upplýsingatæknin er nýtt á fjölbreyttan hátt og fléttast inn í flesta þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og að þeir tjái sig munnlega og skriflega um innihald námsins. Hugmyndafræði leiðsagnarmats er höfð til grundvallar öllu námsmati. Hún byggir á því að vinna og verkefni nemenda séu metin reglulega með uppbyggjandi hætti.

- Nemendur geta lokið stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári.
- Rúmlega helmingur nemenda eru fjarnemendur.
- Við nýtum leiðsagnarmat sem námsmat þannig að nemendur fá reglulega endurgjöf fyrir verkefni auk þess sem gefnar eru umsagnir tvisvar á önn auk einkunnar í lok annar,



- Kennsluforritið MOODLE og samskiptaforritið TEAMS er notað í námi og kennslu auk annarra minni forrita.
- Skólinn hefur nýtt vendikennslu frá upphafi og er sú kennsluaðferð í sífelldri þróun.
- Uppbygging á FAB LAB fyrir skólann hefur staðið yfir undanfarin ár og nú hafa nemendur og starfsfólk aðgang að þrívíddarprenturum, sýndarveruleikagleraugum og hlaðvarpsstofu þar sem nemendur og kennarar geta tekið upp myndbönd og hlaðvörp.
- Búið er að skipa tvo af kennurunum til að stýra innleiðingu gervigreindar og nýtingu hennar í námi og kennslu.
- Unnið er með gervigreind í flestum námshópum.



7. Mannauðsmál

Það er stefna FSN að efla skólann sem góðan vinnustað. Skólinn hefur mótað [starfsmannastefnu](#) og reynt er eins og kostur er að stuðla að aukinni starfsánægju og efla fólk í starfi. Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur hlotið [jafnlaunavottun](#) sem gildir til 26.3.2027.

IX. Líðan starfsmanna

Síðastliðin ár hefur verið fylgst með líðan starfsmanna á kerfisbundinn hátt á tvenna vegu; annars vegar með þátttöku í könnun Gaallup á Stofnun ársins og hins vegar með könnunum sem sendar eru annan hvern mánuð á starfsfólk í gegnum þjónustu HR-Monitor. [Skýrsla um líðan starfsmanna](#) er á vef skólans.

Hér má sjá niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2024. Sú könnun kom mjög vel út fyrir FSN en skólinn var í fimmta sæti í heildareinkunn meðal framhaldsskóla og í öðru til þriðja sæti í einkunnabætti sem snýr að starfsanda en þar skoraði skólinn 4,81 af 5 mögulegum.



Sífelld er unnið við að yfirfara stefnur og skrifa nýjar og mun þessi vinna halda áfram. Enn fremur munum við fylgja eftir stefnumiðum skólans í einstökum málaflokkum varðandi innleiðingu og eftirfylgd. Stefnur FSN má lesa [hér](#). Skólaárið 2023-2024 var áfram unnið að stefnumótun fyrir skólann. Þá er í gangi vinna við að setja upp viðmið fyrir ýmsar stefnur og áætlanir þannig að betra verði fyrir gæðaráð að rýna í starf skólans, hvar markmiðum hafi verið náð og hvar megi gera betur.

Settar hafa verið [áætlanir](#) til næstu þriggja ára sbr 31.gr. laga um opinber fjármál.

8. Fjárhagsleg afkoma: Ársreikningur 2024

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist því miður ekki alveg árið 2024 þrátt fyrir aðhald í rekstri og aðgát í fjármálum en [ársreikningur](#) skólans var neikvæður um 2.7 milljónir. Ýmislegt hafði áhrif á að ársreikningurinn reyndist neikvæður, má m.a. nefna hækkað raforkuverð.

9. Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2023-2025

Markmið í stefnu FSN	Staða árangursmælikvarða	Framvinda og ávinningur af áhersluverkefni
Markmið A1 Að auka gæði fjölbreytts náms í FSN og fullnægjandi þjónustu við nemendur.	Allar námsbrautir hafa verið endurskoðaðar. FAB LAB er nýtt til verkefnavinnu og verkefnastjóri leiðbeinir	Endurskoðun námsbrauta og nýting á FAB LABI skólans hefur boðið upp á fjölbreyttari verkefnavinnu



	nemendum og starfsfólki. Verið er að skipuleggja starfsþróunarverkefni á vorönn 2025 til að fara í innleiðingu gervigreindar í námi og kennslu.	og nýjungar í kennslu og einnig hafa nýir áfangar verið gerðir.
Markmið A2: Fylgst verður með hlutfallslegri aukningu á útskriftum af brautum. Staðan verður tekin eftir fjögur ár frá innritun	Brottfall hefur minnkað og fleiri nemendur ljúka námi á tilskildum tíma.	Stór hluti nemenda lýkur stúdentsprófi á tilskildum tíma. Áfram er unnið að því að minnka brottfall.
Markmið A3 Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleika við skólann.	Stutt kynningarmyndbönd hafa verið unnin og þau eru á síðu skólans og notuð þegar verið er að kynna skólann fyrir 10. bekkjum. Instagram síða skólans er virkari og bætt hefur verið við síðu.	Með aukinni kynningu á samfélagsmiðlum verður skólinn þekktari sem ákjósanlegur valmöguleiki til að sækja um skólavist. Umferð á instagram síðum skólans hefur aukist og fylgjendur á FB eru 1,5 þúsund. Fjarnemendum hefur fjölgað. Búið er að ráða markaðsfræðing til að fara í kynningarherferð á vorönn 2025.
Markmið B1 Að efla mannauð skólans og sjá hið jákvæða í öllum nemendum og öllu starfsfólki.	Staða skólans góð. Við höfum að nota HrMonitor til að vera með reglulegar mannauðsmælingar og fá niðurstöður strax. Það gefur okkur tækifæri til að grípa til aðgerða fyrir.	Niðurstöður í viðhorfskönnunum, stofnun ársins og frá húsfundum sýna ánægju með starfsemi skólans. Starfsmannasamtöl hafa leitt í ljós að starfsfólk er ánægt í vinnunni og í FSN er góður starfsandi.
Markmið B2 Kennarar þróa nýjar nálganir í skapandi starfi og fjarkennslu.	Kennarar þróuðu nýjar nálganir í kennslu á TEAMS á Covid tímanum. Við höfum haldið áfram á þeirri braut og nýtt okkur nýja tækni í kennslunni.	Nemendur og kennarar ánægðir með kennslu á TEAMS. Þetta kennslufyrirkomulag gerir fjarnemendum auðveldara fyrir að fylgjast með í náminu.
Markmið B3 Draga úr umhverfisáhrifum.	Græn skref, notkun á pappír, notkun fjarfunda, vistvænir samgöngumátar.	FSN er búinn að ná 4. græna skrefinu, minni pappír notaður, fjarfundir mikið nýttir, starfsfólk nýtir skólabíl og umhverfisvæna bíla. Starfsfólk getur hlaðið



		rafbíla sína í hleðslustöð við skólans.
--	--	---

10. Samvinna við aðra

Samstarf við aðra Fjarmentaskóla eða Samlandsskóla eins og skólarnir kalla sig núna, hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemendum vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmentaskólunum og nemendur annarra fjarmentaskóla geta stundað fjarnám við FSN.

Áframhald hefur orðið á [samvinnu við grunnskólana á upptökusvæði skólans](#). Skólameistari fundar reglulega með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar er skipulagt. FSN hefur unnið [verkferla](#) með grunnskólum á Snæfellsnesi vegna útskriftar nemenda úr grunnskóla og inngöngu í framhaldsskóla. Undanfarin ár höfum við boðið upp á svokallaðan Framhaldsskólahermi þar sem nemendum 10.bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Þessi dagur hefur komið í staðinn fyrir opið hús og hefur gefist vel og vakið lukku hjá nemendum. Þá höfum við sameinast um fræðsludaga með leik- og grunnskólum á Snæfellsnesi og Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

10.bekkingar á upptökusvæði skólans, þ.e. á norðanverðu Snæfellsnesi og frá sunnanverðum Vestfjörðum hafa átt kost á því að sækja nám í inngangsáföngum í FSN hafi þeir lokið námsefni á 1.þrepi.

Á Vesturlandi eru þrír framhaldsskólar, þ.e. Menntaskóli Borgarfjarðar (MB), Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA) og Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN) en þessir skólar hafa allir samstarf sem felst bæði í óformlegum samtölum á milli starfsfólks skólanna og formlegri fundum. Þá hafa nemendur skólanna haldið sameiginlega skólahátíð sem ber hið hátíðlega nafn West Side.


Skólinn undirritaði viljayfirlýsingu um samstarf á milli skólans og Svæðisgarð Snæfellsness annars vegar og hins vegar við Þjóðgarð Snæfellsness.

11. Erlent samstarf

Alþjóðleg samskipti auka víðsýni, efla skilning á mikilvægi tungumálakunnáttu og veita innsýn í líf og nám fólks í útlöndum. FSN tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum, bæði Erasmus+ og Nordplus verkefnum. Reglulega fara nemendur og kennarar til útlanda til að taka þátt í verkefnum, sækja námskeið eða taka þátt í nemendaskiptaverkefnum og starfsþjálfun tengdri námi þeirra og störfum í FSN. Skólinn sækir um náms og þjálfunarstyrki fyrir nemendur sína og starfsfólk.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með [samstarf við AFS](#) á Íslandi en það samstarf gefur nemendum skólans kost á að sækja um að fara í skiptinám á fullum styrk frá Erasmus+. Tveir nemendur skólans fóru í skiptinám haustið 2024. Þá gefur þetta kennurum möguleika á að fara út í starfsþjálfun (*Job shadowing*) til annarra landa, fara í þjálfun til að eflast enn frekar í sínu fagi og þetta er líka tækifæri til að senda hóp í styttri ferðir.

FSN sótti um að verða ERASMUS skóli og fékk þá umsókn samþykka í desember 2024. Við hlökkum mikið til að vinna að samstarfsverkefnum við skóla erlendis. Nú þegar höfum við fengið í heimsókn til



okkar tungumálakennara frá Belgíu og félagsgreinakennara frá Króatíu. Þá komu hingað kennarar frá Svíþjóð og er samtarfsverkefni við þann skóla þegar komið i gang og kennarar frá FSN fara til Svíþjóðar og Svíarnir endurgjalda heimsóknina í haust en þá koma hingað bæði kennarar og nemendur.

Í febrúar síðastliðnum fóru fjórir kennarar á námskeið á Lanzarote. Námskeiðið var styrkt af Erasmus+ áætluninni og endurmenntunarstofnun kennara á Lanzarote, CEP, sá um skipulagningu námskeiðsins og í stuttu máli var þetta frábært námskeið og við nutum dásamlegrar náttúru svæðisins


FSN varð UNESCO skóli haustið 2023. Markmið UNESCO-skóla er að auka og hvetja til menntunar um mál er tengjast markmiði UNESCO; að stuðla að friði og öryggi með því að efla samvinnu þjóða í mennta-, vísinda- og menningarmálum og efla þannig almenna tiltrú og virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum, án tillits til trúarbragða, kynþáttar, kynferðis eða tungumála. UNESCO-skólar framkvæma eigin verkefni sem tengjast markmiðum UNESCO og eru oft í samvinnu við UNESCO-skóla í öðrum löndum.

12. Lokaorð

Við FSN starfar metnaðarfullt starfsfólk sem vill hag skólans og nemenda hans sem bestan. Við stöndum frammi fyrir sömu áskorun og áður að nemendur á upptökusvæði skólans eru færri en fyrri ár og árgangarnir eru minni þó þeir séu farnir að stækka. Því hefur hlutfall fjarnema miðað við hlutfall staðnemenda enn hækkað. Við teljum skólann vera góðan menntunarkost, fyrir staðnemendur af svæðinu þar sem það skiptir miklu máli að börn og foreldrar hafi lengri tíma saman á meðan unglingarnir eru að fóta sig á nýju skólastigi. Foreldrum sem hafa sent börnin sín í FSN í stað þess að senda þau í burtu í framhaldsnám ber saman um að þessi ár séu afskaplega dýrmæt samvera fjölskyldunnar og sagan hefur sýnt sig að það eru meiri líkur á að börnin komi aftur heim á æskulóðirnar til að festa þar búsetu. Fjarnemendur sem hafa stundað nám hjá okkur bera okkur einnig vel söguna og mæla með skólanum fyrir fjarnám. Á árinu 2024 fórum við að taka inn nýjan hóp nemenda, þ.e. nemendur í skýjunum, en skýjanemendur eru þeir nemendur sem vilja ekki eða geta ekki mætt í skólann daglega. Þessi nemendahópur hefur kennara til taks í rauntíma og fá stuðning í gegnum netið og hafa möguleika á að koma 2-3 sinnum á önn í staðlotu. Við vonumst til að geta fjölgað í þessum hópi því það er þörf fyrir námsmöguleika af þessu tagi eins og starfsemi Skólans í skýjunum hefur sannað en sá skóli býður upp á nám fyrir elstu nemendur grunnskóla og fyrir ári tókum við nemendur sem höfðu lokið námi í skýjaskólanum Ásgarði.

Við horfum bjartsýn og stolt til framtíðar og samantekt úr [stofnun ársins](#) sýnir best hvernig starfsandinn er í FSN.

Lokaorð þessarar ársskýrslu eru komin frá starfsfólki skólans og voru skrifuð voru einn daginn á töflu í kaffistofu skólans.



Þakkarlisti FSN

- Við erum öll með tölur
- Fáum faglegt frelsi til að gera ALLSKYNS
- Veðrit er bara hugarástand
- HADDI ER HÉR og Árni líka
- ÞÆGILEGT VINNUMHVERFI
- Yndislegt og gott andrúmsloft
- Samheldin starfshöpur
- Þrjú þús nemendur